

4. gr.

Ríkistollstjóri getur bundið heimild til bókhaldslegrar aðgreiningar því skilyrði að umsækjandi leggi fram staðfestingu löggilts endurskoðanda um bókhald umsækjanda sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

5. gr.

Ríkistollstjóri getur afturkallað leyfi til bókhaldslegrar aðgreiningar án fyrirvara, m.a. ef framleiðandi uppfyllir ekki lengur sett skilyrði eða getur ekki tryggt framkvæmd nefnds fyrirkomulags á fullnægjandi hátt.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. tölul. 6. gr. og 31. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 560/1983 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 21. maí 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1993.

1. gr.

Lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum, læknum, dýralæknum og sveitarfélögum með lyfjasölu og öðrum lyfjaeftirlitsþegum ber að greiða eftirlitsgjald fyrir árið 1993 vegna lyfjaeftirlits, sbr. 52. og 53. gr. lyfjalaga, nr. 108/1984. Gjaldið er sem hér segir:

	Kr.		Kr.
I. flokkur	204 000	VI. flokkur	396 000
II. flokkur	180 000	VII. flokkur	283 000
III. flokkur	156 000	VIII. flokkur	204 000
IV. flokkur	121 200	IX. flokkur	51 600
V. flokkur	85 200		

2. gr.

Lyfjabúðum og lyfjasölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur:

Apótek Austurbæjar
Breiðholts Apótek
Ingólfs Apótek
Kópavogs Apótek
Reykjavíkur Apótek
Stjörnu Apótek

II. flokkur:

Borgar Apótek
Garðs Apótek
Háaleitis Apótek
Hafnarfjarðar Apótek
Holts Apótek
Laugavegs Apótek
Lyfjabúðin Iðunn
Keflavíkur Apótek
Vesturbæjar Apótek

III. flokkur:

Akureyrar Apótek
 Apótek Garðabæjar
 Apótek Vestmannaeyja
 Árbæjar Apótek
 Hraunbergs Apótek
 Laugarnes Apótek
 Nesapótek, Seltjarnarnesi
 Selfoss Apótek

IV. flokkur

Akraness Apótek
 Borgarness Apótek
 Dalvíkur Apótek
 Húsavíkur Apótek
 Ísafjarðar Apótek
 Mosfells Apótek
 Norðurbæjar Apótek

V. flokkur

Apótek Austurlands
 Apótek Blönduóss
 Apótek Ólafsvíkur
 Egilsstaða Apótek
 Grindavíkur Apótek
 Hafnar Apótek
 Nes Apótek, Neskaupstað

Patreks Apótek
 Rangár Apótek
 Sauðárkróks Apótek
 Siglufjarðar Apótek
 Stykkishólms Apótek
 Ölfus Apótek

Lyfjasala lækis Búðardal
 Lyfjasala lækis Hvammstanga
 Lyfjasala lækis Laugarási
 Lyfjasala lækis Vík

Lyfjasala sveitarstjórnar Fáskrúðsfirði
 Lyfjasala sveitarstjórnar Hólmavík
 Lyfjasala sveitarstjórnar Vopnafirði

3. gr.

Lyfjagerðum og -heildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

VI. flokkur:

Delta hf.
 Lyfjaverslun ríkisins
 Pharmaco hf.
 Stefán Thorarensen hf.

VII. flokkur:

Farmasía hf.
 Lyf hf.
 Ómega Farma hf.

VIII. flokkur:

Austurbakki hf.
 Ásgeir Sigurðsson hf.
 Ísteka hf.
 Medico hf.

4. gr.

Dýralæknar, sem annast lyfjasölu, sbr. 58. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, læknar og sveitarfélög, sem annast lyfjasölu, sbr. 4. gr. reglugerðar um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa nr. 27/1983, aðrir en þeir sem taldir eru í 2. gr. V. flokki, skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt IX. flokki.

5. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús og aðrar stofnanir, sem hafa lyf undir höndum. Skulu þá deilarskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkvæmt II. flokki, en önnur sjúkrahús og stofnanir samkvæmt IX. flokki.

6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjaldsins er 1. júlí 1993. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, ef eigi hefur verið greitt á eindaga. Gjaldið er aðfararhæft.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. maí 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.